



## Annáll vorannar 2022

### Skólastarf á vorönn 2022

Okkur til mikillar gleði lifnaði heldur betur yfir skólastarfinu á vorönn og bæði nemendur og starfsfólk gátu glaðst yfir endurheimtu lífi og fjöri. Hlátur ómaði um ganga á ný og í matsalnum var spjallað og legið yfir námsbókum.

Heimsfaraldur hafði minni áhrif á skólastarf á þessari önn en áður og gátum við haldið staðnámi alla önnina. Þegar veður leyfði í það minnsta. Sem fyrr sinntum við sóttvörnum af kappi en í lok janúar var smitakningu hætt. Um miðjan febrúar opnaði salatbarinn góði að nýju í fína mötuneytinu okkar eftir tveggja ára lokun. Það vakti hjá okkur vonir um að núna, loksins, færi þessu að ljúka. Það passaði til. Nokkrum dögum eftir opnun salatbarsins, eða þann 25. febrúar, var grímuskyldu og öðrum sóttvarnaraðgerðum alfarið aflétt á landsvísu. Í kjölfarið fjölgaði smitum til muna um tíma, bæði hjá nemendum og starfsfólki, en veikindin voru í flestum tilfellum ekki jafn þungbær og áður og kúfurinn gekk yfir á fáum vikum.

Á önninni var sem áður boðið upp á heitan hafragraut í mötuneytinu alla morgna án endurgjalds, sem mæltist vel fyrir bæði hjá nemendum og starfsfólki. Í hádeginu á fimmtudögum var boðið upp á slökun og núvitund. Verið var á sínum stað með jafningjafræðslu og bókasafnið fullt af nemendum sem sinntu námi sínu af kappi.

Þau gleðitíðindi bárust í janúar að starfsfólk skóla á Akranesi er Skagamenn ársins! Það er frábær viðurkenning fyrir okkur öll sem höfum staðið meðan stætt er og haldið uppi námi og kennslu meðan heimsfaraldur geisar.

Við glöddumst líka yfir niðurstöðum úr könnun á Stofnun ársins sem gerð var í nóvember 2021 og höfum bætt okkur í því sem var lágt síðast og hækkað okkur hressilega í einkunn. Við stökkvum úr 3,98 í 4,2 sem er í þessu samhengi risastökk, því skalinn er upp í 5. Þegar samanburður milli ára er skoðaður sést að 7 af 9 atriðum hafa ekki verið hærrí frá árinu 2013.

Starfsfólk FVA ætlar í langþráða skólaheimsókn til Kaupmannahafnar 23.-28. maí. Þrír framhaldsskólar verða heimsóttir og ýmsir viðburðir hafa verið skipulagðir fyrir hópinn.

Þann 5. maí héldu útskriftarnemendur sitt lokahóf, dimmisjón. Dagurinn hófst á morgunverði í FVA með starfsfólki kl. 8 og svo var sprellað í skólanum til kl. 9. Þá hélt prúðbúinn hópurinn af stað í blíðviðri suður til Reykjavíkur. Brautskráð er frá FVA föstudaginn 20. maí. Alls útskrifast 65 nemendur af 8 mismunandi námsbrautum.

## Tölulegar upplýsingar

Kennsla á vorönn 2022 hófst fimmtudaginn 6. janúar. Kennslu- og námsmatsdögum lauk miðvikudaginn 18. maí. Heildarfjöldi nemenda við skólann á vorönn 2022 var 477 þar af var 342 nemendur í dagskóla og 135 nemendur í kvöld- og helgarnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 60,8% nemenda voru karlar og 39,3% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 61% karlar og 39% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 60% karlar og 40% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 130 nemendur. 43 nemendur voru á náttúrufræðibraut og 34 á félagsfræðibraut. 47 nemendur voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum voru 53 nemendur í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 20 nemendur í dagskóla og 73 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 21 nemendur í dagskóla og 15 í dreifnámi.

## NFFA

Gott félagslíf er mikilvægt hverjum framhaldsskóla og eftir tveggja ára lægð í félagslífinu tókst loksins að halda böll og aðra viðburði á nýjan leik. NFFA hélt árshátíð nemenda þann 10. febrúar. Ekkert ball var haldið en salurinn skreyttur hátt og lágt fyrir þrúðbúna nemendur sem snæddu kvöldverð, fylgdu með skemmtiatriðum og auðvitað sá Skutlan um að frumsýna nýtt árshátíðarmyndband.

Nokkur spilakvöld voru haldin á önninni og Pmax-rúnturinn sívinsæli þræddi götur bæjarins. Fyrsta ball annarinnar var svo haldið á Gamla Kaupfélaginu þann 24. febrúar og til að vinna upp tapaðar gleðistundir var dansað mánaðarlega á GK eftir það. Nemendur voru að sjálfsgöðu hinir þrúðustu og þátttaka í edrúpottinum ávallt mjög góð.

## Gettu betur

Að vanda sendi FVA firnasterkt lið til keppni í Gettu betur og í ár voru það þau Björn Viktor Viktorsson, Kristrún Bára Guðjónsdóttir og Sigrún Freyja Hrannarsdóttir sem skipuðu liðið auk Bóasar Orra Hannibalssonar. Liðið stóð sig frábærlega, sigur vannst á FSS 24-17 í fyrstu umferð og tryggðu þau sér svo sæti í 8-liða úrslitum með 28-9 sigri á liði FNV í útvarpssal. Í sjónvarpssal þurfti liðið svo að lúta í lægra haldi fyrir FG. Við erum stolt af okkar liði og óskum við þeim innilega til hamingju með þennan frábæra árangur! Þess má geta að þetta er í fimmta sinn í sögu Gettu betur sem FVA kemst í 8 liða úrslit, en besti árangur skólans náðist árið 2015 þegar liðið tók þátt í undanúrslitakeppninni.

## Útfjör

Leiklistarklúbburinn Melló frumsýndi söngleikinn Fun Home, eða Útfjör, í Bíóhöllinni þann 24. mars. Um er að ræða fjölskyldudrama byggt á endurminningum Alison Bechdel – en við hana er kennt próf sem notað er til að greina bíómyndir út frá kynjajafnrétti. Prófið gengur út á að meta hvort í kvikmynd séu a.m.k. tvær konur sem eru nafngreindar persónur; að tvær konur eigi vitrænt samtal í myndinni; og það sé ekki um stráka. Furðu fáar myndir uppfylla þessi skilyrði! Við erum rífandi stolt af okkar fólki og uppsetningin heppnaðist afbragðs vel. Fór leikhópurinn á kostum, en að verkefninu komu um 30 manns.

## FRÍS

Á önninni fóru framhaldsskólaleikar Rafíþróttasamtaka Íslands (FRÍS) fram í annað sinn. Keppt var í þremur greinum, Rocket League, FIFA og CS:GO og var mjög gaman að fylgjast með harðsnúnu liði FVA sigra hverja viðureignina á fætur annarri. Úrslitaviðureignin fór fram þann 31. mars og var æsispennandi fram á síðustu mínútu. Svo fór að FVA endaði í öðru sæti eftir naumt tap gegn Tækniskólanum.

## Westside

Hin árlega íþróttakeppni Westside fór fram í Borgarnesi í apríl, en þá hittast nemendur frá þremur framhaldsskólum á Vesturlandi og keppa sín á milli í bandý, fótbolta, körfubolta og blaki. Lið FVA fór með sigur af hólmi í ár og er bikarinn því kominn til sína heima! Um kvöldið var ball í Menntaskóla Borgarfjarðar þar sem nemendur okkar voru til fyrirmyndar.

## Söngkeppni framhaldsskólanna

Forkeppni vegna Söngkeppni framhaldsskólanna fór fram í Tónbergi þann 17. mars og var hin glæsilegasta. Fimm söngvarar stigu á svið og fluttu sitt atriði og á meðan dómnefnd réði ráðum sínum fengu áhorfendur að sjá atriði úr söngleiknum Útfjör og góðgerðafélagið Eynir stóð fyrir köku- og sælgætissölu til styrktar flóttafólki frá Úkraínu. Svo fór að Hanna Bergrós Gunnarsdóttir sigraði með einstökum flutningi sínum á laginu Killing me softly. Var hún því fulltrúi FVA í söngkeppni framhaldsskólanna sem fram fór á Húsavík þann 3. apríl og í beinni útsendingu á RÚV. Innilega til hamingju Hanna Bergrós!

## Stjórn NFFA

Aðalstjórn NFFA á vorönn 2021 var skipuð eftirtöldum nemendum: Helgi Rafn Bergþórsson var forseti og með honum í stjórn voru þau Salka Brynjarsdóttir, ritari og varaforseti, Andrea Kristín Ármannsdóttir, gjaldkeri, Marey Edda Helgadóttir, markaðsstjóri, Friðmey Ásgrímsdóttir, skemmtanastjóri og Jól Þór Jóhannesson, fulltrúi nýnema.

Aðalfundur NFFA fór fram þann 27. apríl og í kjölfarið fóru fram kosningar til nýrrar stjórnar. Stjórn NFFA skólaárið 2022-2023 skipa þau Friðmey Ásgrímsdóttir, Helgi Rúnar Bjarnason, Jól Þór Jóhannesson, Róbert Máni Gunnarsson og Sigurður Andri Óskarsson. Fulltrúi nýnema verður kjörinn á nýnemadegi í ágúst. Nýrri stjórn er óskað til hamingju með kjörið og velfarnaðar í störfum sínum. Fráfarandi stjórn er þakkað kærlega fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

## Skammhlaup

Skammhlaup er ómissandi þáttur í skólalífinu hér í FVA. Ekki hefur tekist að halda það í tvö ár vegna covid og var spennan því nánast óbærileg þegar dagurinn rann loks upp. Í Skammhlaupi er öllum nemendum skólans skipt í lið sem etja kappi í ýmsum greinum t.a.m. ullarsokkabóðhlaupi, stígvélasparki, limbói, borðskreytingum, planka, silly walk og leiklist. Þetta var frábær skemmtun, fjör og kraftur í öllum, flottar þrautir, stigataflan óborganleg og gríðarlegur metnaður í liðunum. Munaði einungis 2 stigum á tveimur efstu en fjórlubláa liðið bar sigur af hólmi að þessu sinni. Skammhlaupið er komið aftur, skammhlaupið lengi lifi!

## Opnir dagar

Dagana 8.-10. febrúar fóru Opnir dagar fram í FVA með hefðbundnum hætti. Á Opnum dögum fellur hefðbundin kennsla niður en nemendur skrá sig á viðburði að eigin vali. Úrval viðburða var fjölbreytt, t.a.m. keila, sjósund, hraðlestrarnámskeið, Dungeons & Dragons, Kínverska, Rússneska, klifur, golf, sjálfstyrking, tölvuteikning, rafsúða, handavinna, brauðbakstur og margt fleira. Fjöldmennasti viðburðurinn var íþróttamót þar sem nemendur og kennarar öttu kappi í helstu íþróttgreinum: blaki, bandí og skotbolta. Til að gera langa sögu stutta sigruðu vígreifir nemendur með nokkrum yfirburðum naumlega í öllum keppnisgreinum – til hamingju með það! Aðrir viðburðir Opinna daga fóru mjög vel fram. Því miður varð ekki af árlegri skíðaferð nemenda vegna ofankomu og rafmagnsleysis í Bláfjöllum

en hópurinn fór á skauta í staðinn. Aðrir viðburðir fóru fram samkvæmt áætlun og var þátttaka mjög góð. Kærar þakkir til allra sem tóku þátt, lögðu hönd á plóg, tóku á móti okkur, eða buðu upp á viðburði og sérstakar þakkir til Helenu V. og Kristínar K. sem báru hitann og þungann af skipulagningunni í ár.

### Tæknimessa

Nemendur á unglíngastigi grunnskólanna á Vesturlandi fjölmenntu á Tæknimessu í Fjölbautaskóla Vesturlands 31. mars, í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Markmið Tæknimessu er að kynna það nám sem er í boði í Fjölbautaskóla Vesturlands á sviði iðn- og verkgreina og þau tækifæri sem bjóðast til atvinnu hjá iðn- og tæknifyrirtækjum í landshlutanum að loknu námi. Auk kynninga á námsbrautum í FVA voru ýmis tæknifyrirtæki með bása þar sem þau kynntu sína starfsemi og buðu upp á nasl. Það var líf og fjör í húsinu og nóg að skoða, prófa og smakka í allan dag. Enginn fór svangur úr húsi því Hugrún og hennar teymi í mötuneyti FVA reiddu fram dýrindis lasagna fyrir hópin áður en þau héldu sína leið.

### Framkvæmdir

Auk almenns viðhalds héldu framkvæmdir áfram við aðstöðu náms- og starfsráðgjafa og starfsbrautar í B-álmú skólans með tilheyrandi hávaða og óþægindum. Verkið hefur gengið ævintýrlega hægt af ýmsum ástæðum og á meðan er starfsfólk og nemendur að sinna sínu í bráðabirgðaaðstöðu. Við huggum okkur við það hversu fínt þetta verður að verki loknu, en áætluð verklok eru nú í lok þessarar annar.

### Tölvuþjónusta

Við nutum sem áður dyggrar aðstoðar tölvutótanna okkar frá Tölvuþjónustunni. Þeir eru með aðstöðu á bókasafninu og aðstoða nemendur og starfsfólk við allt sem viðkemur tölvumálum. Með stærstu verkefnum á önninni var flutningur yfir í Menntaskýið í febrúar, en samkvæmt fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðherra skulu allar menntastofnanir landsins fluttar í sameiginlegt Menntaský sem Háskóli Íslands sér um. Var talsvert umstang í kringum þessa aðgerð en greiðlega tókst að leysa úr þeim vandamálum sem upp komu við flutninginn. Önnur verkefni voru útskipti á eldvegg og viðhald á netbúnaði. Tölvuþjónar voru færðir í hýsingu og er nú tölvuumhverfið allt komið í örugga hýsingu hjá Tölvuþjónustunni.

### Heilsuefling

Starfsemi heilsueflingarteymis skólans var líflæg eins og vant er og hefur teymið verið duglegt að hvetja nemendur og starfsfólk til að huga að heilsunni á ýmsan hátt. Skólinn tók þátt í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna, gekk til Tene og stundaði fjallgöngur, svo eitthvað sé nefnt. Í sumar ætla svo vaskur hópur starfsmanna að dvelja í Reykjafirði nyrðri í fjóra daga, njóta óspilltrar náttúru og þræða gönguleiðir á svæðinu.

### Stoðþjónustan

Stoðþjónustan var á sínum stað á önninni og boðið var uppá einstaklings- og hópráðgjöf. Lífsleikinemar fengu fræðslu um námsval, námstækni og fyrirlestur um heilsu og úrræði innan heilbrigðiskerfisins. Boðið var uppá dyslexíugreiningar og námskeið um prófundirbúning og próftækni. Stoðþjónustan er sem fyrr í góðri samvinnu við stjórnendur, kennara og heilsugæslu.

Í Verinu var boðið upp á jafningjafræðslu. Áhersla lögð á stærðfræði en að beiðni nemenda var einnig boðið upp á aðstoð í rafmagnsfræði, lýsingatækni, forritun og við ritgerðasmíð.

## Í annarlok

Síðustu tvö skólaár hafa óneitanlega litast mjög af heimsfaraldri og afleiðingum hans. Mörg okkar hafa því miður þurft að upplifa veikindi af hans völdum, fundið fyrir áhyggjum vegna ástvina okkar, setið heima í sóttkví, eytt skóladögum undir sæng eða uppi í sófa. En alltaf reynt okkar besta.

Áhrif ýmissa sóttvarmaráðstafana sem þurfti að grípa til sl. tvö ár má greinilega sjá í skólastarfinu, ekki síst á framhaldsskólastigi. Fleiri en áður sýna merki skólaforðunar og nær það nú líka til nemenda sem áður hefðu tæplega talist í áhættuhópi. Dreigið hefur úr félagslegri þátttöku, skuldbinding gagnvart námi og félagslíf sömuleiðis frekar lítil. Hér er sannarlega áskorun á ferð fyrir alla sem að skólastarfi koma. Það er sameiginlegt verkefni kennara og nemenda að horfast í augu við þetta, rífa upp vinnugleðina, áhugann og metnaðinn og glæða námið lífi, fjöri og tilgangi.

Hér í FVA hefur skapast dýrmæt þekking sem við munum búa að áfram. Við erum betri í öllu því sem tengist tæknimálum og upplýsingagjöf. Við vitum að þegar á reynir bregðumst við eldsnöggt við og getum treyst á að samstarfsfólk og samnemendur hjálpast að ef þörf krefur. Við erum sveigjanleg, umburðalynd og þrautseig svo um munar. Úr því við komumst í gegnum þennan skaf, þá getum við tekist á við hvaðeina sem framtíðin mun bera í skauti sér!